

**TILSKIPUN RÁÐSINS****frá 10. desember 1990****um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum****(90/675/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Dýraafurðir, afurðir úr dýraríkinu og plöntuafurðir sem eftirlit er haft með í því skyni að koma í veg fyrir útbreiðslu smitandi dýrasjúkdóma eru taldar upp í II. viðauka við sáttmálann.

Með setningu meginreglna í bandalaginu um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum frá þriðju löndum verður auðveldara að tryggja nægar vörubirgðir og stöðugleika markaðarins auk þess sem nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda dýraheilbrigði og almannaheilbrigði eru samhæfðar um leið.

Samkvæmt 19. gr. tilskipunar ráðsins 89/662/EBE frá 11. desember 1989 um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan bandalagsins til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á <sup>(3)</sup> og 23. gr. tilskipunar ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. C 252, 6. 10. 1990, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Álitum var skilað 23. nóvember 1990 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 13.

komið á <sup>(4)</sup> skal ráðið, fyrir 31. desember 1990, setja meginreglur um eftirlit með innflutningi frá þriðju löndum á afurðum sem falla undir áður nefndar tilskipanir.

Sannprófa skal skjöl og auðkenni hvernar sendingar afurða frá þriðju löndum um leið og afurðirnar koma inn í bandalagið.

Setja ber meginreglur fyrir allt bandalagið um skipulagningu eftirlits með ástandi, sem lögbær dýraheilbrigðisyfirlit skulu annast, og um framhald þessa eftirlits.

Miklu máli skiptir að gerðar verði verndarráðstafanir. Í því tilliti þarf framkvæmdastjórnin að geta haft áhrif, meðal annars með því að heimsækja viðkomandi staði og gera þær ráðstafanir sem hæfa aðstæðum.

Til að eftirlitsstarfið gangi vel er nauðsynlegt að ákveða málsmeðferð við viðurkenningu, hafa eftirlit með skoðunarstöðvum á landamærum og skiptast á embættismönnum sem hafa umboð til að annast eftirlit með afurðum frá þriðju löndum.

Sú staðreynd að eftirlit á innri landamærum verður lagt niður með tilkomu hins innri markaðar eykur enn mikilvægi þess að settar verði sameiginlegar meginreglur í bandalaginu.

Nauðsynlegt virðist að gera tilteknar tímabundnar aðlögunarráðstafanir til að auðvelda breytinguna yfir í nýja eftirlitsfyrirkomulagið sem er innleitt með þessari tilskipun.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29.

Framkvæmdastjórninni skal falið að samþykkja ráðstafanir um beitingu þessarar tilskipunar.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá um dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum sem eru fluttar inn í bandalagið frá þriðju löndum, í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

2. Þrátt fyrir ákvæði þessarar tilskipunar gilda innlendar kröfur um dýraheilbrigði áfram um afurðir sem falla undir viðskipti sem hafa ekki verið samhæfð í bandalaginu, eða kröfur sem byggjast á bandalagsreglum hafi slíkar kröfur ekki verið samhæfðar að fullu innan bandalagsins.

##### 2. gr.

1. Í þessari tilskipun gilda skilgreiningar 2. gr. tilskipunar 89/662/EBE og tilskipunar 90/425/EBE eftir því sem við á.

2. Auk þess er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „afurðir“: dýraafurðir eða afurðir úr dýraríkinu sem um getur í tilskipunum 89/662/EBE og 90/425/EBE eða, með þeim skilyrðum sem eru tilgreind í 18. gr.:

- nýr fiskur sem er landað beint úr fiskiskipi,
- tiltekna plöntuafurðir,
- aukaafurðir úr dýraríkinu sem falla ekki undir II. viðauka sáttmálans;

b) „sannprófun skjala“: sannprófun dýraheilbrigðisvottorða eða -skjala sem fylgja afurðinni;

c) „sannprófun auðkenna“: sannprófun, sem fer eingöngu fram með sjónrænni skoðun, á því að samræmi sé milli skjalanna eða vottorðanna og afurðanna og að afurðirnar séu stimplaðar og merktar í samræmi við reglur bandalagsins eða, að því er varðar afurðir sem falla undir viðskipti sem hafa ekki verið samhæfð í bandalaginu, í samræmi við innlenda löggjöf er gildir um hin ýmsu tilvik sem kveðið er á um í þessari tilskipun;

d) „eftirlit með ástandi“: eftirlit með sjálfri afurðinni, ef til vill með sýnatöku og prófi á rannsóknarstofu;

e) „innflytjandi“: einstaklingur eða lögpersóna sem framvísar afurðum til innflutnings til bandalagsins;

f) „sending“: magn afurða af sömu tegund, sem sama dýraheilbrigðisvottorð eða -skjal gildir um, sem er flutt með sama flutningatæki og kemur frá sama þriðja landi eða hluta þriðja lands;

g) „skoðunarstöð á landamærum“: skoðunarstöð sem er í nágrenni ytri landamæra eins af yfirráðasvæðunum sem um getur í I. viðauka, og sem er tilnefnd og viðurkennd í samræmi við 9. gr.;

h) „lögbært yfirvald“: stjórnvald aðildarríkis sem hefur umboð til að sjá um dýraheilbrigðiseftirlit og eftirlit með dýrarækt, eða annað yfirvald sem fær slíkt umboð í hendur frá áðurnefndu stjórnvaldi.

#### I. KAFLI

#### Skipulagning og framhald eftirlits

##### 3. gr.

Með fyrirvara um sérákvæði sem samþykkt verða í samræmi við 17. gr. skulu aðildarríkin sjá til þess að tollyfirvöld leyfi ekki innflutning til notkunar á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka nema sannað sé:

- i) með vottorði, sem kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr., að dýraheilbrigðiseftirlit með afurðunum hafi farið fram í samræmi við 4., 5., 6. og 8. gr., og að skilyrði lögbærs yfirvalds þar að lútandi hafi verið uppfyllt;
- ii) að búið sé að greiða fyrir dýraheilbrigðiseftirlitið og, ef við á, að trygging hafi verið sett fyrir hugsanlegum kostnaði sem kveðið er á um í 3. mgr. 16. gr. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um framkvæmd þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

##### 4. gr.

1. Sannprófa skal skjöl og auðkenni hvernar sendingar afurða frá þriðja landi, án tillits til tollafgreiðslustaðar, til að ganga úr skugga um:

- uppruna þeirra,
- síðari viðtökustað þeirra, einkum ef viðskipti með afurðirnar hafa ekki verið samhæfð í bandalaginu,
- að upplýsingarnar í skjölunum veiti þær ábyrgðir sem krafist er í reglum bandalagsins eða, hafi viðskipti með afurðirnar ekki verið samhæfð í bandalaginu, þær ábyrgðir sem krafist er í innlendum reglum er gilda um hin ýmsu tilvik sem falla undir þessa tilskipun.

2. Sannprófun skjala og auðkenna skal fara fram:

- i) við innflutning inn á yfirráðasvæði, sem um getur í I. viðauka, um skoðunarstöð á landamærum eða einhverja aðra landamærastöð sem er talin upp í skrá sem

aðildarríkin skulu uppfæra með jöfnu millibili og senda framkvæmdastjórninni. Framkvæmdastjórnin sér um að birta skrána í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*;

- ii) af starfsmönnum dýraheilbrigðiseftirlits skoðunarstöðvarinnar á landamærunum eða, þegar um er að ræða landamærastöð sem um getur í i-lið, af lögbærum yfirvöldum.

Þegar sannprófun skjala og auðkenna vegna afurðanna fer fram á slíkum landamærastöðvum skal þegar í stað senda afurðirnar undir tolfestirliti til næstu skoðunarstöðvar á landamærum í það eftirlit sem kveðið er á um í 8. gr.

3. Banna skal innflutning inn á yfirráðasvæði sem er skilgreint í I. viðauka ef eftirlit leiðir í ljós að:

- a) afurðirnar koma frá yfirráðasvæði eða hluta yfirráðasvæðis þriðja lands sem uppfyllir ekki eftirtalin skilyrði:

- i) að því er varðar afurðir sem samhæfðar innflutningsreglur gilda um:

- að þær séu tilgreindar í skrá sem er gerð í samræmi við reglur bandalagsins, einkum tilskipun 72/462/EBE <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/425/EBE,
- að innflutningur sé ekki bannaður samkvæmt ákvörðun bandalagsins;

- ii) ef ekki er um samhæfðar reglur að ræða, einkum reglur um heilbrigði dýra, að þær uppfylli ekki kröfur sem kveðið er á um í innlendra löggjöf er gildir um hin ýmsu tilvik sem falla undir þessa tilskipun;

- b) dýraheilbrigðisvottorð eða -skjal sem fylgir afurðunum uppfyllir ekki þau skilyrði sem eru sett samkvæmt bandalagsreglum eða, ef reglur hafa ekki verið samhæfðar, þær kröfur sem kveðið er á um í innlendum reglum er gilda um hin ýmsu tilvik sem falla undir þessa tilskipun.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að innflytjendum sé skylt að láta starfsmenn dýraheilbrigðiseftirlits skoðunarstöðvar á landamærum þar sem framvísa á afurðunum vita fyrirfram um magn, tegund og áætlaðan komutíma afurðanna.

5. Ef:

- afurðir eiga að fara til aðildarríkis eða svæðis þar sem sérstakar kröfur gilda,
- sýni hafa verið tekin en niðurstöðurnar liggja ekki fyrir þegar flutningatækið fer frá viðkomandi skoðunarstöð á landamærum,

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 302, 31. 12. 1972, bls. 28.

— innflutningur er leyfður í sérstökum tilgangi,

skal upplýsingum frá lögbærum yfirvöldum viðtökustaðarins komið á framfæri:

— að því er varðar afurðir sem falla undir tilskipun 90/425/EBE, með tölvukerfinu sem kveðið er á um í 20. gr. þeirrar tilskipunar,

— í samræmi við 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 89/662/EBE að því er hinar afurðirnar varðar.

6. Setja skal nákvæmar reglur um beitingu 1. til 5. mgr. samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

7. Allur kostnaður í tengslum við framkvæmd þessarar greinar hvílir á sendanda, viðtakanda eða fulltrúa þeirra, án endurgreiðslu af hálfu aðildarríkisins.

5. gr.

1. Að því er varðar aðgang að tollfrjálsu svæði eða tollfrjálsri vöruheymslu, sem er skilgreint í a- og b-lið 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2504/88 <sup>(2)</sup>, skulu lögbær yfirvöld sjá til þess að fram fari sannprófun skjala og sannprófun afurða með einfaldri sjónrænni skoðun til að kanna hvort samræmi er milli skjalanna eða vottorðanna og afurðanna og, ef nauðsyn ber til og ástæða er til grunsemda, sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi. Afurðir sem eru fluttar af tollfrjálsu svæði eða úr tollfrjálsri vöruheymslu til notkunar á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka skulu heyra undir það eftirlit sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

2. Setja skal nákvæmar reglur um framkvæmd þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

6. gr.

1. Þegar tekið er við afurðunum í vöruheymslu skulu lögbær yfirvöld sannprófa auðkenni afurðanna sem, samkvæmt tollvöruheymslureglunum sem eru skilgreindar í reglugerð (EBE) nr. 2503/88 <sup>(3)</sup> eða reglum um bráðabirgðageymslu sem eru skilgreindar í reglugerð (EBE) nr. 4151/88 <sup>(4)</sup>, ber að geyma í vöruheymslu sem lögbær yfirvöld tilnefna á grundvelli viðmiðunarreglna sem eru settar samkvæmt málsmeðferð 24. gr.

Auk þess skal lögbært yfirvald láta fara fram viðeigandi dýraheilbrigðiseftirlit í vöruheymslunni í samræmi við 5. mgr.

2. Aðildarríkin skulu gera skrá yfir vöruheymslurnar sem um getur í 1. mgr., þar sem tilgreind er sú tegund dýraheilbrigðiseftirlits sem fer fram við móttöku og afhendingu

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB nr. L 225, 15. 8. 1988, bls. 8.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. EB nr. L 225, 15. 8. 1988, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjútíð. EB nr. L 367, 31. 12. 1988, bls. 1.

afurðanna sem um getur í 2. gr. Þau skulu senda skrána og allar uppfærslur á henni til framkvæmdastjórnarinnar.

Framkvæmdastjórnin skal birta skrána yfir vörugæmslurnar og allar uppfærslur á henni í *Stjórnartíðindum Evrópu-bandalaganna*.

3. Tolleftirlit skal haft með afurðum sem eru geymdar í vörugæmslu sem aðildarríki tilnefni og eiga að fara í frjálsa dreifingu á yfirráðasvæðum sem um getur í I. viðauka, og áður en þær eru settar í frjálsa dreifingu skal viðhafa eftirlitið sem kveðið er á um í 8. gr. eða, ef viðskipti með afurðirnar hafa ekki verið samræmd í bandalaginu, eftirlitið sem greint er frá í 11. gr.

Ef sendingu er skipt skal eftirfarandi fylgja með þeim afurðum sem eru fluttar úr vörugæmslunni:

— vottorðið sem kveðið er á um í öðrum undirliði 1. mgr. 10. gr. og gefið er út af opinberum dýralækni á grundvelli vottorðanna sem fylgdu með afurðasendingunum þegar þær voru settar í vörugæmsluna, og skal tilgreina uppruna afurðanna í vottorðinu,

— í samræmi við annan undirlið b-liðar 4. mgr. 11. gr., afrit af upprunalegu vottorðunum.

4. Kostnaður við dýraheilbrigðiseftirlitið sem kveðið er á um í þessari grein hvílir á þeim rekstraraðila sem óskar eftir tollvörugæmslu eða bráðabirgðagæmslu fyrir afurðina.

Þennan kostnað, þar með talið tryggingu fyrir kostnaði sem stofnað er til þegar möguleikarnir sem kveðið er á um í 3. mgr. 16. gr. eru nýttir, skal greiða áður en afurðirnar eru settar í vörugæmsluna.

5. Setja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

#### 7. gr.

1. Með fyrirvara um ráðstafanir sem eru samþykktar samkvæmt 19. gr. þurfa aðildarríkin ekki að láta kröfur 3. mgr. 4. gr. ná til afurða sem hvorki samræmast reglum bandalagsins né, hafi viðskipti með þær ekki verið samhæfð í bandalaginu, gildandi innlendum reglum og sem eiga að fara í gæmslu á tollfrjálsu svæði, svo framarlega sem:

— samræmi er milli afurðanna eða sendinganna og meðfylgjandi skjala,

— afurðirnar eru sendar áfram til þriðja lands með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 12. gr.,

— afurðirnar eru geymdar þannig að þær séu alveg aðskildar frá þeim afurðum sem á að leyfa innflutning á til notkunar á þeim yfirráðasvæðum sem um getur í I. viðauka.

2. Setja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

#### 8. gr.

Afurðir, sem falla undir samhæfðar dýraheilbrigðisreglur bandalagsins um viðskipti og eru afhentar á komustað inn á yfirráðasvæði sem er skilgreint í I. viðauka, skulu fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. Ef

a) komustaðurinn er skoðunarstöð á landamærum skal þegar í stað fara fram það eftirlit með afurðunum sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. og 2. lið hér á eftir;

b) komustaðurinn er landamærastöð sem um getur í 2. mgr. 4. gr. eða afurðirnar koma úr vörugæmslu í samræmi við 3. mgr. 6. gr. skal þegar í stað flytja þær undir tolleftirliti til næstu skoðunarstöðvar á landamærum þar sem opinberi dýralæknirinn skal:

— sjá til þess að eftirlitið sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. hafi farið fram með réttum hætti,

— sjá um eftirlitið sem kveðið er á um í 2. lið.

2. Opinberi dýralæknirinn skal:

a) sjá um eftirlit með ástandi hvernar sendingar á grundvelli sýnis sem er dæmigert fyrir sendinguna, til að tryggja að afurðirnar séu enn í hæfu ástandi til þeirrar notkunar sem er tiltekin í meðfylgjandi vottorði eða skjali;

b) framkvæma rannsóknarstofuþróf sem skulu fara fram á staðnum;

c) taka opinber sýni til rannsóknar með tilliti til efna-leifa eða lifandi smitefna og láta greina þau eins skjótt og auðið er.

Opinbera dýralækninum er heimilt að láta sérmenntaða starfsmenn sem vinna undir hans stjórn aðstoða sig við tiltekin verk.

3. Framkvæmdastjórnin skal, samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr., setja nákvæmar reglur um framkvæmd eftirlitsins sem kveðið er á um í 1. og 2. lið.

Að beiðni aðildarríkis, studdri nauðsynlegum rökum, eða að eigin frumkvæði er framkvæmdastjórninni heimilt samkvæmt sömu málsmeðferð, með vissum skilyrðum og einkum á grundvelli niðurstaðna úr fyrra eftirliti, að lækka tíðni eftirlits að því er varðar tiltekin þriðju lönd eða starfsstöðvar í þriðju löndum sem veita fullnægjandi ábyrgðir fyrir því að eftirlit hafi farið fram á upprunastað.

Þegar framkvæmdastjórnin veitir undanþágur af þessu tagi tekur hún tillit til eftirfarandi:

- a) ábyrgðar hlutaðeigandi þriðja lands fyrir því að farið sé að kröfum bandalagsins, einkum kröfum í tilskipunum 72/462/EBE og 90/426/EBE <sup>(1)</sup>;
  - b) heilbrigðisástands dýra í hlutaðeigandi þriðja landi;
  - c) upplýsinga um almennt heilbrigðisástand í landinu;
  - d) þeirra ráðstafana sem þriðja landið gerir til að hafa eftirlit með og berjast gegn sjúkdómum;
  - e) skipulags og heimilda dýraheilbrigðisþjónustunnar;
  - f) að farið sé að þeim lágmarkskröfum um hreinlæti við framleiðslu sem mælt er fyrir um í lögum bandalagsins;
  - g) reglna um leyfi fyrir tilteknum efnum og fullnæggingu krafna sem eru settar fram í 7. gr. tilskipunar 86/469/EBE <sup>(2)</sup>;
  - h) niðurstaðna úr skoðunarheimsóknnum á vegum bandalagsins;
  - i) niðurstaðna úr innflutningseftirliti.
4. Samt sem áður er heimilt, þrátt fyrir 2. lið, að eftirlit með afurðum sem eru fluttar um höfn eða flugvöll inn á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka fari fram í viðtökuhöfn eða á viðtökuflugvelli, að því tilskildu að í þeirri höfn eða á þeim flugvelli sé landamæraskoðunarstöð af því tagi sem um getur í 2. gr. og að afurðirnar séu annaðhvort fluttar sjóleiðis eða með flugi.

#### 9. gr.

1. Skoðunarstöðvar á landamærum skulu uppfylla skilyrði þessarar greinar.
2. Skoðunarstöðvar á landamærum skulu
  - i) vera í nágrenni komustaðar inn á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka;
  - ii) vera tilnefndar og viðurkenndar í samræmi við 3. mgr.;
  - iii) vera undir stjórn opinbers dýralæknis sem í raun ber ábyrgð á eftirlitinu. Opinbera dýralækninum er heimilt að láta sérmenntaða starfsmenn aðstoða sig.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 42.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 275, 26. 9. 1986, bls. 36.

3. Fyrir 31. mars 1991, eftir að innlend yfirvöld hafa gert úrtakslista yfir landamærastöðvar í samráði við þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar sem sannprófa að stöðvarnar fullnægi lágmarkskröfum II. viðauka, skulu aðildarríkin afhenda framkvæmdastjórninni skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem sjá um dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum, ásamt upplýsingum um:

a) tegund skoðunarstöðvar á landamærum:

- höfn,
- flugvöllur,
- skoðunarstöð við þjóðveg,
- skoðunarstöð við járnbraut;

b) tegund afurða sem unnt er að hafa eftirlit með á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum, að teknu tilliti til búnaðar og dýraheilbrigðisstarfsfólks á staðnum, ef til vill með upplýsingum um afurðir sem ekki er unnt að hafa eftirlit með á þessum skoðunarstöðvum;

c) fjölda starfsmanna við dýraheilbrigðiseftirlit:

- fjölda opinberra dýralækna, og skal einn opinber dýralæknir hið minnsta vera við störf þegar skoðunarstöðin á landamærunum er opin,
- fjölda sérmenntaðra aðstoðarmanna;

d) búnað og húsnæði fyrir mismunandi eftirlit í tengslum við:

- sannprófun skjala,
- eftirlit með ástandi,
- sýnatöku,

— rannsóknarstofu fyrir almenn próf sem eru gerð á staðnum og mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr. 8. gr.,

— rannsóknarstofu fyrir sérstök próf sem opinberi dýralæknirinn fyrirskipar;

e) rými í því húsnæði og kæligeymslum sem er fyrir hendi til að geyma afurðirnar í meðan beðið er eftir niðurstöðum úr prófum;

f) tegund búnaðar fyrir hröð upplýsingaskipti, einkum við aðrar skoðunarstöðvar á landamærum;

g) málsmeðferð við lausn deilumála við þriðju lönd;

h) umfang viðskipta (tegund og magn afurða sem fer um þessa skoðunarstöð á landamærum).

4. Í samráði við lögbær innlend yfirvöld skal framkvæmdastjórnin skoða þær skoðunarstöðvar á landamærum sem eru tilnefndar í samræmi við 3. mgr., með það í huga að tryggja samræmda beitingu reglna um dýraheilbrigðiseftirlit og að hinar ýmsu skoðunarstöðvar á landamærum hafi í raun yfir nauðsynlegum grunnvirkjum að ráða og fullnægi lágmarkskröfum II. viðauka.

Eigi síðar en 31. desember 1991 skal framkvæmdastjórnin afhenda fastanefnd um dýraheilbrigði skýrslu um niðurstöðu þessarar skoðunar ásamt tillögum, þar sem tillit er tekið til ályktana í skýrslunni, með það í huga að koma upp bandalagsskrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar í samræmi við málsmeðferð 24. gr.

Í skýrslunni skal gera grein fyrir vandamálum sem kæmu upp hjá tilteknum aðildarríkjum ef úrtakslistinn sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr. hefði þau áhrif að fjölmargar skoðunarstöðvar á landamærum yrðu útilokaðar 1. janúar 1992.

Í samræmi við málsmeðferð 23. gr. er í mesta lagi unnt að veita þriggja ára frest til þess að skoðunarstöðvar á landamærum aðildarríkja sem um getur í fyrri undirgrein geti fullnægt kröfum þessarar tilskipunar, einkum hvað varðar búnað og skipulag.

Framkvæmdastjórnin skal birta skrána yfir skoðunarstöðvar á landamærum og allar uppfærslur á henni í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. Framkvæmdastjórnin skal samþykka nákvæmar reglur um framkvæmd þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

#### 10. gr.

1. Ef afurðir, sem viðskipti með hafa verið samhæfð í bandalaginu, eru ekki ætlaðar til innflutnings og notkunar á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem annaðist eftirlitið sem um getur í 2. lið 8. gr., skal opinberi dýralæknirinn sem ber ábyrgð á skoðunarstöðinni á landamærunum:

- láta hlutaðeigandi einstakling fá afrit af frumriti vottorðanna eða, ef sendingu er skipt, nokkur staðfest afrit af frumriti vottorðanna fyrir afurðirnar; gildistími afritanna skal ákveðinn í samræmi við málsmeðferð 24. gr. og fer hann eftir tegund viðkomandi afurðar,
- gefa út vottorð eftir fyrirmyndinni sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 24. gr., þar sem fram kemur að eftirlitið sem um getur í 2. lið 8. gr. hafi farið fram og uppfylli kröfur opinbera dýralæknisins, hvaða sýni hafa verið tekin og tilgreint er um niðurstöður úr rannsóknarstofuprófum,
- varðveita frumrit vottorðsins eða vottorðanna sem fylgja með afurðunum.

2. Samþykka skal nákvæmar reglur um beitingu 1. mgr., einkum um afurðir sem eru fluttar inn í ákveðnum tilgangi, samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

3. Viðskipti með afurðir sem um getur í tilskipun 89/662/EBE og sem eru fluttar inn á yfirráðasvæðin sem um getur í I. viðauka við þessa tilskipun skulu fara fram í samræmi við ákvæði þeirrar tilskipunar, einkum II. kafla.

#### 11. gr.

1. Ákvæði þessarar greinar skulu gilda um afurðirnar sem um getur í 2. gr., ef reglur um viðskipti með þær hafa ekki enn verið samhæfðar í bandalaginu, og sem, eftir að hafa verið fluttar inn á eitthvert yfirráðasvæðanna sem um getur í I. viðauka, skulu sendar áfram til annars aðildarríkis sem leyfir að slíkar afurðir séu fluttar inn á yfirráðasvæði sitt.

2. Með öllum sendingum afurða skal viðhafa eftirlitið sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. og:

- a) annaðhvort skal dýraheilbrigðiseftirlitinu sem mælt er fyrir um í 8. gr. framfylgt á skoðunarstöð á landamærum á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem afurðirnar eru fluttar til, einkum til að sannreyna að viðkomandi afurðir samræmist lögum viðtökuaðildarríkisins;
- b) eða, hafi tvíhliða samningur um fyrirkomulag skoðana áður verið gerður milli aðildarríkis, sem ræður yfir svæðinu þar sem komustaðurinn á eitt yfirráðasvæðanna sem um getur í I. viðauka er, og viðtökuaðildarríkis og hugsanlega einnig umflutningsaðildarríkis eða -ríkja, afurðirnar skulu sendar undir tolleftirliti til viðtökustaðarins þar sem dýraheilbrigðiseftirlitið skal fara fram.

Aðildarríkin skulu, á fundi í fastanefndinni um dýraheilbrigði, tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um eftirlitskerfið sem er samþykkt með hliðsjón af þessari grein.

3. Í því tilviki sem um getur í a-lið 2. mgr. skal 10. gr. gilda.

4. Í þeim tilvikum sem um getur í b-lið 2. mgr.:

- a) skal sannprófun skjala og auðkenna og eftirlit með ástandi fara fram á skoðunarstöð á landamærum sem er á yfirráðasvæði viðtökuaðildarríkis;
- b) skulu lögbær yfirvöld sem sjá um sannprófun skjala og auðkenna
  - tilkynna opinbera dýralækninum á skoðunarstöð viðtökustaðarins, innan ramma áætlunar um tölvuvæðingu dýraheilbrigðisreglna um innflutning (Shift-áætlunin), að afurðirnar hafi farið um þeirra umdæmi, og hvenær áætlað er að þær berist,
  - tilgreina á afriti eða, ef sendingu er skipt, á afritum upprunalegu vottorðanna að afurðirnar hafi farið um þeirra umdæmi,
  - varðveita frumrit vottorðsins eða vottorðanna sem tengjast afurðunum.

Ef sérstakar aðstæður réttlæta slíkt, og að tilhlýðilega rökstuddri beiðni aðildarríkis, er heimilt að láta eftirlit með ástandi fara fram á öðrum stað en þeim sem um getur í a-lið.

Þann stað skal ákvarða í samræmi við málsmeðferð 24. gr.

5. Í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 4. mgr. skal flytja afurðirnar samkvæmt málsmeðferð um utanaðkomandi umflutning bandalagsins, sem er skilgreind í reglugerð (EBE) nr. 2726/90 <sup>(1)</sup>, með ökutækjum eða í gámum sem lögbær yfirvöld innsigla.

Viðskipti með afurðir sem eru fluttar inn að loknu eftirliti í samræmi við þessa grein skulu heyra undir ákvæði tilskipunar 89/662/EBE.

6. Ef það eftirlit með ástandi sem um getur í þessari grein leiðir í ljós að ekki er unnt að flytja afurðir inn til notkunar innanlands skulu ákvæði 16. gr. gilda.

7. Samþykkja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

#### 12. gr.

1. Aðildarríkin skulu heimila flutning afurða frá einu þriðja landi til annars þriðja lands, að því tilskildu að:

- hlutaðeigandi aðili leggi fram sönnun um að fyrsta þriðja landið sem afurðirnar eru sendar til, eftir umflutning um eitt yfirráðasvæðanna sem um getur í I. viðauka, skuldbindi sig til þess að vísa í engu tilviki frá eða endursenda afurðir sem það hefur leyft innflutning eða umflutning á;
- opinber dýralæknir á skoðunarstöð á landamærum aðildarríkis, sem ræður yfir svæðinu þar sem eftirlitið sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. fer fram, hafi áður heimilað slíkan flutning;
- þegar um er að ræða gegnumferð um eitt yfirráðasvæðanna sem um getur í I. viðauka fari slíkur flutningur fram, án þess að vörurnar séu affermdar, undir eftirliti lögbærra yfirvalda með ökutækjum eða í gámum sem lögbær yfirvöld innsigla. Eina meðhöndlunin sem er leyfð meðan á flutningi stendur er sú sem fer fram á komustöðum inn á og brottfararstöðum frá einu af yfirráðasvæðunum sem um getur í I. viðauka.

2. Allur kostnaður í tengslum við beitingu þessarar greinar hvílir á sendanda, viðtakanda eða fulltrúa þeirra án þess að endurgreiðslur frá aðildarríkinu komi til.

3. Samþykkja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

#### 13. gr.

1. Lögbæra dýraheilbrigðisyfirvaldið skal sjá um sannprófun auðkenna og, ef við á og með fyrirvara um ákvæði 15. gr., eftirlit með ástandi afurða sem verða tollafgreiddar annars staðar en kveðið er á um í 5., 6., 10., 11. og 12. gr.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 262, 26. 9. 1990, bls. 1.

2. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

#### 14. gr.

1. Þessi kafli, að undanskildum ákvæðum 15. gr., gildir ekki um afurðir sem:

- eru hluti af persónulegum farangri ferðamanna og ætlaðar til einkaneyslu þeirra, að því tilskildu að magnið sé ekki meira en það magn sem er ákveðið í samræmi við 3. mgr. og að því tilskildu að afurðirnar komi frá þriðja landi eða hluta þriðja lands sem talið er upp í skránni sem gerð er í samræmi við reglur bandalagsins og að innflutningur sé ekki bannaður frá landinu;
- eru sendar í litlum pakkningum til einstaklinga, að því tilskildu að innflutningur þessara afurða sé ekki viðskiptalegs eðlis, að magnið sé ekki meira en það magn sem er skilgreint í samræmi við 3. mgr., að afurðirnar komi frá þriðja landi eða hluta þriðja lands sem talið er upp í skránni sem gerð er í samræmi við reglur bandalagsins og að innflutningur frá landinu sé ekki bannaður;
- eru ætlaðar áhöfn og farþegum til neyslu um borð í flutningatækjum í millilandaflutningum, að því tilskildu að þær komi frá þriðja landi, hluta þriðja lands eða starfsstöð sem innflutningur er ekki bannaður frá samkvæmt reglum bandalagsins.

Slíkum afurðum eða matúrgangi skal fargað þar sem afferming fer fram. Ekki er þó nauðsynlegt að farga afurðum ef þær eru fluttar beint, eða eftir að hafa verið undir tímabundnu tolftefirliti, úr einu flutningatæki í annað;

iv) hafa fengið hitameðhöndlun í loftþéttum ílátum með Fo-gildi 3,00 eða meira, ef magnið er ekki meira en það sem er ákveðið í samræmi við 3. mgr., og:

- eru hluti af persónulegum farangri ferðamanna og ætlaðar til einkaneyslu þeirra;
- eru sendar í litlum pakkningum til einstaklinga, að því tilskildu að innflutningur afurðanna sé ekki viðskiptalegs eðlis.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki hafa áhrif á reglur um nýtt kjöt og kjötafurðir í samræmi við 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 72/462/EBE.

3. Í samræmi við málsmeðferð 24. gr. skal framkvæmdastjórnin ákveða þyngdarmörk fyrir mismunandi afurðir sem kunna að falla undir undanþágur 1. mgr.

## 15. gr.

Með fyrirvara um ákvæði þessa kafla skal opinber dýralæknir eða lögbært yfirvald sjá um það dýraheilbrigðiseftirlit sem telst viðeigandi ef grunur leikur á að ekki sé farið að dýraheilbrigðislöggjöföfinni eða vafi leikur á sannkennslum afurðar.

## 16. gr.

1. Ef lögbært yfirvald kemst að raun um að afurðin uppfylli ekki kröfur, sem mælt er fyrir um í reglum bandalagsins eða innlendum reglum, á sviðum sem enn hafa ekki verið samhæfð í bandalaginu eða ef eftirlitið leiðir í ljós vanrækslu, skal lögbæra yfirvaldið í samráði við innflytjanda eða fulltrúa hans ákveða:

- a) að endursenda afurðirnar frá þeim yfirráðasvæðum sem um getur í I. viðauka, innan þeirra tímamarka sem lögbært innlent yfirvald setur, svo framarlega sem slíkt samræmist ákvæðum um dýraheilbrigðisskoðanir og dýraheilbrigði.

Í því tilviki skal opinber dýralæknir á landamærastöðinni:

- tilkynna öðrum skoðunarstöðvum á landamærum, í samræmi við 5. mgr., að sendingunni hafi verið vísað frá, og gera grein fyrir þeim brotum sem komið hafa í ljós;
- samkvæmt fyrirkomulagi sem framkvæmdastjórnin skilgreinir í samræmi við málsmeðferð 24. gr., ógilda það dýraheilbrigðisvottorð eða -skjal sem fylgir sendingunni sem var vísað frá;
- með millibili sem framkvæmdastjórnin ákveður, veita upplýsingar fyrir milligöngu lögbærra stjórnvalda um það í hverju brotin eru fólgin og hversu oft þau hafa átt sér stað;

- b) eða, ef endursending er óframkvæmanleg, að farga sendingunni á yfirráðasvæði þess aðildarríkis þar sem eftirlitið fór fram.

2. Með fyrirvara um þá valkosti sem kveðið er á um í þriðju undirgrein 5. mgr. 24. gr. tilskipunar 72/462/EBE og fyrsta undirlið b-liðar 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 90/425/EBE, er unnt að veita undanþágur frá ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar í samræmi við málsmeðferð 24. gr., meðal annars til að heimila að afurðir séu notaðar í öðrum tilgangi en til manneldis. Á grundvelli slíkra undanþága og með sömu málsmeðferð ber að samþykkja skilyrði varðandi notkun viðkomandi afurða.

3. Innflytjandi eða fulltrúi hans skulu vera ábyrgir fyrir kostnaði sem stofnað er til við endursendingu eða förgun sendingarinnar eða nýtingu afurðarinnar í öðrum tilgangi.

4. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

5. Ákvæði um miðlun upplýsinga til aðildarríkjanna verða samþykkt samkvæmt áætlun um tölvuvæðingu dýraheilbrigðisreglna um innflutning (Shift-áætlunin).

6. Lögbær yfirvöld skulu, eftir atvikum, senda framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum allar upplýsingar sem þau hafa yfir að ráða, í samræmi við tilskipun ráðsins 89/608/EBE frá 21. nóvember 1989 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda í aðildarríkjunum og samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja rétta beitingu löggjafar um heilbrigði dýra og dýrarækt <sup>(1)</sup>.

## 17. gr.

Samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 24. gr. og á grundvelli áætlana sem um getur í annarri málsgrein skal framkvæmdastjórnin setja reglur um innflutning til tiltekinn hluta yfirráðasvæðanna sem um getur í I. viðauka, í því skyni að taka tillit til sérstakra náttúrulegra takmarkana þessara yfirráðasvæða, einkum fjarlægðar þeirra frá meginlandssvæði bandalagsins.

Með hliðsjón af þessu, og eigi síðar en 1. júlí 1991, leggja Lýðveldið Frakkland og Lýðveldið Grikkland áætlun fyrir framkvæmdastjórnina þar sem tilgreint er hvers konar eftirlit skuli haft með innflutningi á afurðum, upprunnum í þriðju löndum, til frónsku umdæmanna erlendis og tiltekinnna eyja og eyjaklasa með tilliti til sérstakra náttúrulegra og landfræðilegra takmarkana þessara yfirráðasvæða.

Í þessum áætlunum skal tilgreina hvaða eftirlit fer fram til að koma í veg fyrir að afurðir sem eru fluttar inn á þessi yfirráðasvæði verði við einhverjar aðstæður endursendar til annarra hluta yfirráðasvæða bandalagsins.

## 18. gr.

1. Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 24. gr. skal framkvæmdastjórnin gera skrá yfir plöntuafurðir sem falla undir annan undirlið a-liðar 2. mgr. 2. gr. og kunna, einkum með tilliti til síðari viðtökustaðar þeirra, að leiða til hættu á útbreiðslu smitsjúkdóma og skulu þess vegna settar undir dýraheilbrigðiseftirlitið sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, einkum það sem kveðið er á um í 4. gr., svo að unnt sé að staðfesta uppruna- og fyrirhugaðan viðtökustað slíkra plöntuafurða.

Með sömu málsmeðferð skal samþykkja eftirfarandi:

- þau dýraheilbrigðisskilyrði sem þriðju lönd skulu uppfylla og þær ábyrgðir sem ber að veita, einkum hvers konar vinnslu skuli fyrirskipa í ljósi aðstæðna á sviði dýraheilbrigðis í löndum þeirra,
- skrá um þriðju lönd sem í ljósi þessara ábyrgða mega fá leyfi til að flytja út plöntuafurðirnar, sem um getur í fyrstu málsgrein, til bandalagsins,

<sup>(1)</sup> Stjútö. EB nr. L 351, 2. 12. 1989, bls. 34.

— sérstakar skoðunarreglur sem kunna að vera nauðsynlegar, sér í lagi um sýnatöku úr þessum afurðum, einkum þegar innflutningur er í lausri vigt.

2. Þar til búið er að samþykka bandalagsreglur um innflutning þessara afurða er framkvæmdastjórninni heimilt, í samræmi við málsmeðferð 24. gr., að víkka út reglurnar um dýraheilbrigðisskoðanir sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, þannig að þær nái til aukaafurða úr dýraríkinu sem ekki falla undir II. viðauka sáttmálans, með því að setja sérstök tiltekin viðmið sem fara skal eftir við dýraheilbrigðiseftirlit vegna þessara afurða.

3. Nýr fiskur sem landað er beint úr skipi sem siglir undir fána þriðja ríkis skal, áður en hann er fluttur inn til notkunar á yfirráðasvæði sem er skilgreint í I. viðauka, settur undir eftirlitið sem mælt er fyrir um að því er varðar fisk sem landað er beint úr skipum sem sigla undir fána aðildarríkis bandalagsins.

4. Í samræmi við málsmeðferð 24. gr. er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 9. gr. og, að því er varðar starfsmenn sem eiga að framfylgja eftirlitinu, ákvæðum 2. mgr. 8. gr. fyrir hafnir þar sem fiski er landað.

## II. KAFLI

### Öryggisákvæði

#### 19. gr.

1. Ef sjúkdómur sem um getur í tilskipun 82/894/EBE <sup>(1)</sup>, dýrasjúkdómur sem einnig getur lagst á menn, annar sjúkdómur eða annað það sem kann að stofna heilbrigði dýra eða manna í alvarlega hættu kemur upp eða breiðist út á yfirráðasvæði þriðja lands eða ef einhver önnur alvarleg ástæða er varðar heilbrigði dýra og manna réttlætir slíkt, einkum á grundvelli niðurstaðna úr eftirliti dýraheilbrigðissérfræðinga framkvæmdastjórnarinnar, er framkvæmdastjórninni heimilt, að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis, að gera þegar í stað eina af eftirfarandi ráðstöfunum eftir því hve alvarlegt ástandið er:

- fella um tíma niður innflutning frá hlutaðeigandi þriðja landi eða hluta þess og, eftir atvikum, frá umflutningslandi sem er þriðja land,
- setja sérstök skilyrði varðandi innflutning frá hlutaðeigandi þriðja landi eða hluta þess.

2. Ef eftirlit sem kveðið er á um í þessari tilskipun leiðir í ljós að sending afurða kunni að stofna heilbrigði dýra eða manna í hættu skulu lögbær dýraheilbrigðisyfirvöld þegar í stað gera eftirfarandi ráðstafanir:

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 378, 31. 12. 1982, bls. 58.

— leggja hald á og farga sendingunni,

— þegar í stað tilkynna öðrum skoðunarstöðvum á landamærum og framkvæmdastjórninni um niðurstöðurnar og uppruna afurðanna, í samræmi við 5. mgr. 16. gr.

3. Í því tilviki sem kveðið er á um í 1. mgr. er framkvæmdastjórninni heimilt að gera tímabundnar verndarráðstafanir vegna afurða er heyra undir 12. gr.

4. Fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar er heimilt að heimsækja hlutaðeigandi þriðja land þegar í stað.

5. Ef aðildarríki tilkynnir framkvæmdastjórninni opinberlega að þörf sé á að gera verndarráðstafanir vegna afurða sem falla ekki undir samhæfðar innflutningsreglur, og framkvæmdastjórnin hefur ekki beitt ákvæðum 1. og 3. mgr. eða vísað málinu til fastanefndarinnar um dýraheilbrigði í samræmi við 6. mgr., er aðildarríkinu heimilt að gera tímabundnar verndarráðstafanir vegna viðkomandi afurða.

Ef aðildarríki gerir tímabundnar verndarráðstafanir gagnvart þriðja landi eða starfsstöð í þriðja landi samkvæmt skilmálum þessarar greinar skal það tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um það í samræmi við 5. mgr. 16. gr.

6. Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað láta fastanefndina um dýraheilbrigði kanna ástandið. Henni er heimilt að samþykka nauðsynlegar ákvarðanir samkvæmt málsmeðferð 23. gr., þar með talið ákvarðanir sem tengjast flutningi afurða innan bandalagsins og umflutningi.

7. Ákvarðanir um að breyta, fella úr gildi eða framlengja ráðstafanir sem eru gerðar með skírskotun til 1., 2., 3. og 6. mgr. skulu teknar í samræmi við málsmeðferð 23. gr.

8. Ef nauðsyn ber til skal samþykka nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

## III. KAFLI

### Skoðun

#### 20. gr.

1. Dýraheilbrigðissérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar er heimilt, í samvinnu við lögbær innlend yfirvöld og að því marki sem er nauðsynlegt fyrir samræmda beitingu á kröfum þessarar tilskipunar, að ganga úr skugga um að skoðunarstöðvar á landamærum, sem eru viðurkenndar í samræmi við 9. gr., uppfylli skilyrðin sem eru talin upp í II. viðauka.

2. Dýraheilbrigðissérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar er heimilt, í samvinnu við lögbær innlend yfirvöld, að annast eftirlit á staðnum.

3. Þegar skoðun fer fram á yfirráðasvæði aðildarríkis skal það aðildarríki veita dýraheilbrigðissérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar alla þá aðstoð sem er nauðsynleg til að þeir geti unnið verk sitt.

4. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjunum um niðurstöður eftirlits.

5. Framkvæmdastjórnin skal láta fastanefndina um dýraheilbrigði kanna aðstæður ef hún telur að niðurstaða eftirlits réttlæti slíkt. Henni er heimilt að samþykkja nauðsynlegar ákvarðanir í samræmi við málsmeðferð 23. gr.

6. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með framvindu mála. Í ljósi þeirrar framvindu og í samræmi við málsmeðferð 23. gr. er henni heimilt að breyta eða fella úr gildi þær ákvarðanir sem um getur í 5. mgr.

7. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

#### 21. gr.

1. Ef lögbært yfirvald aðildarríkis telur, á grundvelli eftirlits sem fer fram á staðnum þar sem afurðirnar eru markaðssettar, að brotið sé í bága við ákvæði þessarar tilskipunar á skoðunarstöð á landamærum, komustað sem um getur í i-lið 2. mgr. 4. gr., í fríhöfn, á tollfrjálsum svæði sem um getur í 5. gr. eða í tollfrjálstri vörugæmslu, sem um getur í 6. gr., í öðru aðildarríki skulu þau þegar í stað gera lögbærum stjórnvöldum þess aðildarríkis viðvart.

Lögbæra stjórnvaldið skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir og tilkynna lögbæra yfirvaldinu í fyrnefnda aðildarríkinu um það eftirlit sem hefur farið fram, þær ákvarðanir sem hafa verið teknar og rökin fyrir þeim.

Ef lögbært yfirvald fyrnefnda aðildarríkisins telur ráðstafanirnar ófullnægjandi skal það, ásamt lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis, leita leiða til að bæta ástandið, ef nauðsyn ber til með því að heimsækja hlutaðeigandi aðildarríki.

Ef eftirlitið sem um getur í fyrstu undirgrein leiðir í ljós að ítrekað er brotið í bága við ákvæði þessarar tilskipunar skal lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkis tilkynna það framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja.

Framkvæmdastjórninni er heimilt, að beiðni lögbærs yfirvalds viðtökuaðildarríkis eða að eigin frumkvæði og að teknu tilliti til þess hvers eðlis meinta brotið er:

- að senda skoðunarhóp til hlutaðeigandi aðildarríkis í samvinnu við lögbær innlend yfirvöld,
- að biðja lögbært yfirvald að efla eftirlitið sem fer fram á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum, komustað, fríhöfn, tollfrjálsum svæði eða tollfrjálstri vörugæmslu.

Þar til niðurstöður framkvæmdastjórnarinnar liggja fyrir skal hlutaðeigandi aðildarríki, að beiðni viðtökuaðildarríkis, efla eftirlit á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum, komustað, fríhöfn, tollfrjálsum svæði eða tollfrjálstri vörugæmslu.

Viðtökuaðildarríkinu er að sínu leyti heimilt að efla eftirlit með afurðum sem koma frá þessum upprunastöðum.

Að beiðni eins eða tveggja hlutaðeigandi aðildarríkja skal framkvæmdastjórnin, ef skoðunin sem um getur í fyrsta undirlið fjórðu undirgreinar staðfestir brotið, gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við málsmeðferð 23. gr. Þessar ráðstafanir ber að staðfesta eða endurskoða eins skjótt og auðið er í samræmi við sömu málsmeðferð.

2. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu ekki hafa áhrif á rétt samkvæmt gildandi lögum aðildarríkis til að áfrýja ákvörðunum lögbærra yfirvalda.

Ákvarðanir sem lögbær yfirvöld taka, og rökin fyrir slíkum ákvörðunum, ber að tilkynna rekstraraðilanum sem þessar ákvarðanir varða, eða fulltrúa hans.

Að beiðni hlutaðeigandi rekstraraðila eða fulltrúa hans skal honum tilkynnt skriflega um umræddar ákvarðanir og rökin fyrir þeim ásamt nákvæmum upplýsingum um áfrýjunarétt hans samkvæmt gildandi lögum aðildarríkisins sem annast eftirlitið og um málsmeðferð og frest til að leggja fram kvörtun.

3. Samþykkja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

#### 22. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera áætlun um skipti á embættismönnum sem eru tilnefndir til að annast eftirlit með afurðum frá þriðju löndum.

2. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu samræma áætlanirnar sem um getur í 1. mgr. innan fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

3. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja áætlunum sem byggjast á samræmingunni sem um getur í 2. mgr.

4. Ár hvert skal fastanefndin um dýraheilbrigði endurskoða framkvæmd áætlana á grundvelli skýrslna frá aðildarríkjunum.

5. Aðildarríkin skulu taka tillit til þeirrar reynslu sem þau hafa aflað sér, í því skyni að bæta og þróa skiptiáætlanir.

6. Heimilt er að bandalagið veiti fé til að stuðla að þróun skiptiáætlana. Í ákvörðun ráðsins 90/424/EBE frá 26. júní

1990 um útgjöld á sviði dýraheilbrigðismála<sup>(1)</sup> eru settar nákvæmar reglur um framlag bandalagsins og þá fjárhæð sem áætlað er að komi á fjárlög þess.

7. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um beitingu 1., 4. og 5. mgr. samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

#### IV. KAFLI

##### Almenn ákvæði

###### 23. gr.

Þegar vísað er til málsmeðferðarinnar sem kveðið er á um í þessari grein skal fastanefndin um dýraheilbrigði, sem komið var á fót með ákvörðun 68/361/EBE<sup>(2)</sup>, taka ákvarðanir í samræmi við reglurnar í 17. gr. tilskipunar 89/662/EBE.

###### 24. gr.

Þegar vísað er til málsmeðferðarinnar sem kveðið er á um í þessari grein skal fastanefndin um dýraheilbrigði taka ákvarðanir í samræmi við reglurnar í 18. gr. tilskipunar 89/662/EBE.

###### 25. gr.

Heimilt er að auka við II. viðauka þessarar tilskipunar í samræmi við málsmeðferð 24. gr.

###### 26. gr.

Ákvæði þessarar tilskipunar hafa ekki áhrif á skuldbindingar sem grundvallast á tollákvæðum.

###### 27. gr.

Ákvæði 23. gr. tilskipunar 72/462/EBE falli hér með niður.

Þar til ákvarðanir sem kveðið er á um í 6. mgr. 4. gr. hafa verið teknar gilda þau ákvæði sem eru sett samkvæmt 23. gr. tilskipunar 72/462/EBE.

###### 28. gr.

Í stað 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 89/662/EBE komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu sjá til þess, við eftirlit sem fer fram á stöðum þar sem heimilt er að flytja afurðir frá þriðju löndum inn á yfirráðasvæðin sem eru skilgreind í I. viðauka tilskipunar 90/675/EBE<sup>(\*)</sup>, svo sem höfnum,

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 255, 18. 10. 1968, bls. 23.

flugvöllum og skoðunarstöðvum á landamærum sem liggja að þriðju löndum:

- a) að fram fari skjalasannpröfun á uppruna afurðanna;
- b) að afurðir sem eru upprunnar í bandalaginu heyri undir reglur um eftirlit sem kveðið er á um í 5. gr.;
- c) að afurðir frá þriðju löndum heyri undir reglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 90/675/EBE.

(\*) Stjtið. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1.“

###### 29. gr.

Í stað 7. gr. tilskipunar 90/425/EBE komi eftirfarandi:

„7. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess, við eftirlit sem fer fram á stöðum þar sem heimilt er að flytja dýr og afurðir, sem um getur í 1. gr., frá þriðju löndum inn á yfirráðasvæðin sem um getur í I. viðauka tilskipunar 90/675/EBE<sup>(\*)</sup>, svo sem höfnum, flugvöllum og skoðunarstöðvum á landamærum sem liggja að þriðju löndum:

- a) að vottorð eða skjöl sem fylgja dýrum og afurðum séu skoðuð;
- b) að afurðir frá þriðju löndum heyri undir reglurnar í tilskipun 90/675/EBE;
- c) að dýr sem eru flutt inn frá þriðju löndum séu send undir tolleftirliti til skoðunarstöðvar á landamærum til að þar geti farið fram dýraheilbrigðiseftirlit. Ekki er unnt að tollafgreiða dýrin sem um getur í viðauka A nema eftirlitið sýni að þau samræmast reglum bandalagsins;
- d) að dýr og afurðir frá bandalaginu heyri undir eftirlitsreglurnar sem mælt er fyrir um í 5. mgr.

2. Dýrin skulu flutt beint inn á yfirráðasvæði bandalagsins um eina af skoðunarstöðvunum á landamærum aðildarríkisins sem hyggst flytja þau inn og skoðuð þar í samræmi við b-lið 1. mgr.

Aðildarríki sem flytja inn dýr frá þriðju löndum á grundvelli innlendra dýraheilbrigðisreglna skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum, einkum umflutningsaðildarríkjunum, um þennan innflutning og þau skilyrði sem þau setja um slíkan innflutning.

Viðtökuaðildarríki skal banna að dýr séu send áfram frá yfirráðasvæði þeirra hafi þau ekki verið þar í tiltekinn tíma sem mælt er fyrir um í sérstökum bandalagsreglum, nema þau séu send áfram, án um-

flutnings, til annars aðildarríkis sem notfærir sér þennan sama möguleika.

Samt sem áður er heimilt, þar til bandalagsreglurnar hafa verið samþykktar, að flytja þessi dýr inn á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en þess sem um getur í annarri undirgrein, eftir að það aðildarríki og, ef við á, umflutningsaðildarríki hafa fyrirfram samþykkt eftirlitsfyrirkomulagið. Aðildarríkin skulu, innan fastanefndarinnar um dýraheilbrigði, tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um beitingu þessarar undanþáguákvæða og það eftirlitsfyrirkomulag sem er samþykkt.

3. Frá 1. janúar 1993 og þrátt fyrir 1. mgr. skulu þó öll dýr og afurðir, sem eru flutt með flutningatæki sem tengir saman tvo landfræðilega aðgreinda staði í bandalaginu með reglulegum og beinum hætti, heyra undir eftirlitsreglurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr.

(\*) Stjtið. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1.“

### 30. gr.

Í samræmi við málsmeðferð 24. gr. er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja til þriggja ára þær aðlögunarráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að auðvelda breytinguna yfir í nýja eftirlitsfyrirkomulagið sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

### 31. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt að nýta sér fjárhagsaðstoð bandalagsins sem kveðið er á um í 38. gr. tilskipunar 90/424/EBE vegna framkvæmdar þessarar tilskipunar.

### 32. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1991. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Samþykkja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar tilskipunar, einkum 3. mgr. 8. gr., og taka upp Shift-áætlunina eigi síðar en 31. desember 1991.

Ef það næst ekki fyrir daginn sem um getur í fyrri undirgrein skal gera aðlögunarráðstafanirnar sem kveðið er á um í 30. gr. fyrir þann dag.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli sem um getur í 1. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

### 33. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. desember 1990.

Fyrir hönd ráðsins,

V. SACCOMANDI

forseti.

*I. VIÐAUKI*

1. Yferráðasvæði Konungsríkisins Belgíu.
  2. Yferráðasvæði Konungsríkisins Danmerkur, nema Færeyjar og Grænland.
  3. Yferráðasvæði Sambandslýðveldisins Þýskalands.
  4. Yferráðasvæði Konungsríkisins Spánar, nema Kanaríeyjar, Ceuta og Melilla.
  5. Yferráðasvæði Lýðveldisins Grikklands.
  6. Yferráðasvæði Lýðveldisins Frakklands.
  7. Yferráðasvæði Írlands.
  8. Yferráðasvæði Lýðveldisins Ítalíu.
  9. Yferráðasvæði Stórhertogadæmisins Lúxemborgar.
  10. Evrópskt yferráðasvæði Konungsríkisins Hollands.
  11. Yferráðasvæði Lýðveldisins Portúgals.
  12. Yferráðasvæði Hins Sameinaða Konungsríkis Stóra-Bretlands og Írlands.
-

*II. VIÐAUKI*

Til að hljóta EBE-viðurkenningu skulu skoðunarstöðvar á landamærum hafa:

- þá starfsmenn sem eru nauðsynlegir til að sannprófa skjölin (heilbrigðisvottorð, og dýraheilbrigðisvottorð eða önnur skjöl sem mælt er fyrir um í löggjöf bandalagsins) sem fylgja afurðunum,
- nógu marga dýralækna og sérþjálfaða aðstoðarmenn til að þeir geti, með tilliti til þess magns afurða sem er afgreitt á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum, sannprófað samræmi á milli afurðanna og skjalanna sem fylgja þeim og haft kerfisbundið eftirlit með ástandi hversrar sendingar,
- nógu marga starfsmenn til að taka slembisýni úr sendingum afurða, sem er framvísað á tiltekinni skoðunarstöð á landamærum, og vinna úr sýnunum,
- nógu rúmgott húsnæði fyrir starfsmennina sem annast dýraheilbrigðiseftirlitið,
- húsnæði og aðstöðu sem hentar fyrir sýnatöku og úrvinnslu sýna í tengslum við kerfisbundna eftirlitið sem mælt er fyrir um í bandalagsreglum (örverufræðilegir staðlar),
- aðgang að þjónustu sérhæfðrar rannsóknarstofu nálægt viðkomandi skoðunarstöð á landamærum þar sem unnt er að gera sérstök próf á sýnunum sem eru tekin á þeirri stöð,
- húsnæði og kæligeymslur þar sem unnt er að geyma hluta sendinga sem eru teknir til prófunar og afurðir sem opinberi dýralæknirinn sem ber ábyrgð á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum hefur ekki enn gefið leyfi til að verði settar í frjálsa dreifingu,
- viðeigandi búnað fyrir hröð upplýsingaskipti, einkum við aðrar skoðunarstöðvar á landamærum (frá 1. janúar 1993 með tölvukerfinu sem kveðið er á um í 20. gr. tilskipunar 90/425/EBE eða Shift-áætluninni).